



Foreldri sem krafan beinist að:		
nafn		kennitala
heimilisfang	póstnúmer og staður	sími / netfang
Ungmenni sem gerir kröfuna:		
nafn		kennitala
heimilisfang	póstnúmer og staður	sími / netfang

Krafa um framlag:
Ég undirrituð / undirritaður fer fram á að ákveðið verði með úrskurði sýslumanns að föður/móður verði gert að greiða mér framlag vegna menntunar / starfsþjálfunar.
Þess er krafist að mánaðarleg fjárhæð framlagsins verði jafnhá einföldu meðlagi.*
Þess er krafist að framlagið greiðist frá – skrifið dagsetningu: *
Frá: _____ til 20 ára aldurs ungmennis.

*Ef krafa um framlag er gerð lengra en ár aftur í tímann eða ef farið er fram á <i>hærra framlag en sem nemur einföldu meðlagi</i> , skal rökstyðja það hér:

Fylgiskjöl til sýslumanns:
<input type="checkbox"/> Vottorð um skólavist / staðfesting á starfsþjálfun.
<input type="checkbox"/> Síðustu tvö skattframtöl mín.
<input type="checkbox"/> Skjöl til staðfestingar á tekjum yfirstandandi árs (t.d. síðasti launaseðill).

Ég undirrituð / undirritaður lýsi því yfir að ofangreindar upplýsingar eru gefnar samkvæmt minni bestu vitund.	
Staður og dagsetning:	Undirskrift þess sem krefst framlags:



Samkvæmt 62. gr. barnalaga nr. 76/2003 getur ungmenni átt kröfu á framlagi frá foreldrum sínum vegna menntunar eða starfsþjálfunar, frá 18 til 20 ára aldurs.

Samningur um framlag vegna menntunar/starfsþjálfunar.

Ef ungmenni og foreldri eru sammála um greiðslu framlags, er gerður um það samningur á þar til gerðu eyðublaði og afhentur sýslumanni til staðfestingar.

Ágreiningur um framlag vegna menntunar/starfsþjálfunar.

Ef að ekki er samkomulag um greiðslu framlags getur ungmennið farið fram á að sýslumaður úrskurði um greiðsluskyldu foreldris. Slík beiðni er lögð fram skriflega á ofangreindu eyðublaði sem sýslumaður leggur til. Útfylltu eyðublaðinu skal koma til sýslumanns í því umdæmi sem ungmennið býr.

Nauðsynleg fylgigögn með beiðninni eru:

- Síðustu tvö skattframtöl ungmennis, afrit staðfest af skattstjóra.
- Upplýsingar um tekjur ungmennis á yfirstandandi ári, t.d. afrit launaseðla.
- Vottorð um skólavist / staðfesting á starfsþjálfun.

Hafa þarf í huga að framlög sem þessi verða ekki úrskurðuð lengra en ár aftur í tímann frá því að krafan var lögð fram, nema alveg sérstaklega standi á.

Algengast er að framlag vegna menntunar/starfsþjálfunar nemi einföldu meðlagi en hægt er að fara fram á að framlagið sé hærra. Fjárhæð einfalds meðlag má sjá á vef Innheimtustofnunar sveitarfélaga www.medlag.is

Málsmeðferð sýslumanns felst í að kynna foreldri framkomna kröfu og gefa honum/henni kost á að tjá sig um málið.

Sýslumaður leggur til eyðublað fyrir greinargerð foreldris sem vill andmæla kröfu um framlag, þar gefst kostur á að koma að upplýsingum um fjárhag og félagslega stöðu og einnig tilgreind þau gögn sem óskað er eftir að lögð séu fram, þar er helst um að ræða tvö síðustu skattframtöl foreldris, staðfest af skattstjóra og upplýsingar um tekjur yfirstandandi árs, s.s. launaseðla. Ef foreldri vill aftur á móti samþykkja kröfu um framlag, leggur sýslumaður til eyðublað fyrir samþykkisyfirlýsingu.

Ef foreldri andmælir kröfu um framlag úrskurðar sýslumaður í ágreiningsmálinu. Við ákvörðun sýslumanns er höfð hliðsjón af þörfum ungmennisins og fjárhagsaðstöðu, aflahæfi og öðrum högum foreldrisins. Úrskurð sýslumanns er hægt að kæra til innanríkisráðuneytisins innan tveggja mánaða frá dagsetningu hans.

Ef foreldri sinnir ekki boðunum sýslumanns eða tilmælum um framlagningu gagna, getur sýslumaður krafist afhendingar ljósrits af skattframtali viðkomandi hjá hlutaðeigandi skattstjóra. Ef ekki tekst að kynna foreldri kröfuna, þar sem ekki er vitað hvar foreldrið býr, er sýslumanni heimilt að auglýsa í Lögbirtingablaði að krafan hafi komið fram.

Greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins.

Ungmenni getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins með staðfestingu/úrskurð sýslumanns og óskað eftir að greiðslu framlagsins. Bent er á að leita nánari upplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Ef sýslumaður hefur í úrskurði hafnað kröfu um framlag vegna menntunar eða starfsþjálfunar, vegna efnaleysis foreldris, er Tryggingastofnun heimilt að greiða ungmenninu barnalífeyri. Einnig getur ungmenni átt rétt á greiðslum frá Tryggingastofnun vegna menntunar í fleiri tilvikum og er bent á að leita nánari upplýsinga hjá Tryggingastofnun ríkisins.

Ákvæði um framfærslu barna og málsmeðferð er að finna í barnalögum og í greinargerð með barnalögum er einnig að finna nánari umfjöllun um efnið. Einnig vísað á vef sýslumannsins í Reykjavík og sameiginlegan vef sýslumanna þar sem eru eyðublað og frekari upplýsingar.

Sameiginlegur vefur sýslumanna: www.syslumenn.is

Sýslumaðurinn í Reykjavík: www.syslumadur.is

Barnalög nr. 76/2003: <http://www.althingi.is/lagasofn/nuna/2003076.html>